

Alþingi
Erindi nr. P 127/2155
komudagur 13.5.2002

đi ÍSLANDS
DÝRALÆKNAFÉLAG
Icelandic Veterinary Association · Lágmúli 7 · IS
Pósthólf 10263 · 110 Reykjavík · Sími / Tel.: +354-568 9545

Alþingi, Landbúnaðarnefnd
Einar Farestveit, nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík 10.maí 2002.

Dýralæknafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum. Þskj.585-373.mál.

Félagið bendir á að nú stendur yfir vinna á vegum embættisins yfirdýralæknis og landbúnaðarráðuneytisins, ekki síst vegna ályktunar Haustfundar D.Í. í nóvember 2000, við áhættugreiningu og áhættumat vegna innflutnings á gæludýrum og er niðurstaðna úr því að vænta á næstu vikum.

D.Í. leggur áherslu á að á hverjum tíma séu sóttvarnar- og einangrunarstöðvar reknar samkvæmt ströngustu kröfum miðað við áhættumat.

Rekstur einangrunarstöðva fyrir gæludýr getur verið í höndum einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og annarra sem standast ítrustu kröfur þar að lútandi.

Eftirlit með einangrunarstöðvum skal ávallt vera í höndum embættis yfirdýralæknis.

Gera verður skýran greinarmun á opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu við einangrunarstöðvar fyrir gæludýr.

Rétt er að benda á að gjaldskrá dýralækna er frjáls og því getur landbúnaðarráðherra ekki sett gjaldskrá fyrir þessa þjónustu. Gera þarf sérstaka þjónustusamninga við dýralækna sem sinna almennum dýralækningum innan einangrunarstöðva.

Gjaldskrá landbúnaðarráðherra getur einungis gilt um greiðslur vegna opinbers eftirlits.

Setja verður heildstæða reglugerð um útbúnað og rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva.

F. h. Dýralæknafélags Íslands,



Ólafur Valsson formaður D.Í.